

L Ö G

um sölu á íbúðum, sem byggðar eru af framkvæmdanefnd byggingaáætlunar
í Reykjavík eða til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Enginn, sem keypt hefur íbúð af Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem byggð er af framkvæmdanefnd byggingaáætlunar, má selja hana, nema Húsnæðismálastofnunin hafi áður hafnað forkaupsrétti, og ekki framleigja nema með leyfi hennar. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kaupverð hennar, að viðbætti verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu. Nú er íbúð, sem keypt hefur verið samkvæmt þessari mgr., seld á nauðungaruppboði, samkvæmt lögum nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð, og getur Húsnæðismálastofnunin þá neytt forkaupsréttar síns og krafizt þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð stofnuninni út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina, eða á söluverði samkvæmt þessari mgr., ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveðið áður en liðinn er sá frestur, sem uppboðshaldari hefur, samkvæmt uppboðsskilmálum, til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti uppboðshaldari stofnuninni hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun um söluverðið. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni samkvæmt 36. gr. laga nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

Þegar Húsnæðismálastofnun ríkisins neytir forkaupsréttar skv. framansögðu, skal hún endurselja íbúðirnar láglaunafólki í verkalýðsfélögum.

2. gr.

Þegar íbúðir, sem byggðar hafa verið samkvæmt ákvæðum laga um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, hafa verið seldar einstaklingum og lán frá ríki og hlutaðeigandi sveitarfélagi hafa verið a. m. k. eins hagstæð eða hagstæðari en lán, sem veitt voru til íbúða, sbr. 1. gr. laga þessara, skal hlutaðeigandi sveitarstjórn eiga forkaupsrétt með sama hætti og Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur við frjálsa sölu eða við nauðungaruppboð, sbr. 1. gr. Um kaupverð íbúða þessara gilda og ákvæði 1. gr. eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 28. desember 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Emil Jónsson.